

132. löggjafarþing 2005–2006.
Þskj. 1126 — 616. mál.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 79 24. maí 2005, um uppboðsmarkaði sjávarafla.

(Eftir 2. umr., 4. apríl.)

1. gr.

Við a-lið 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Skilyrði um íslenskan ríkisborgararétt og lögheimili hér á landi ná ekki til einstaklinga sem hafa ríkisfang og búsettir eru í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunar-samtaka Evrópu eða til Færeyinga búsettra í Færeyjum eða á Íslandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.